

Viðtakendur:

Jón Atli Benediktsson, forseti ráðsins

Arnar Þór Músson, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði

Davíð Þorláksson, fulltrúi tilnefndur af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Hólmfríður Garðarsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins

Ólafur Pétur Pálsson, fulltrúi háskólasamfélagsins

Silja Bára R. Ómarsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins

Vilborg Einarsdóttir, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði

Þorvaldur Ingvarsson, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði

Magnús Diðrik Baldursson, ritari ráðsins

Reykjavík, 7. mars 2024

Efni: Erindi frá fulltrúum stúdenta í háskólaráði til fulltrúa í háskólaráði vegna tillögu að fyrirkomulagi reksturs bílastæða HÍ, sem tekið verður til umræðu á fundi ráðsins 7. mars

Í fundargögnum sem bárust þann 1. mars sl. er fulltrúum í háskólaráði gerð ljós tillaga framkvæmda- og tæknisviðs HÍ sem verður til umfjöllunar á fundi ráðsins fimmtudaginn 7. mars. Stúdentum þykir rétt að koma afstöðu sinni skriflega í ljós við fulltrúa ráðsins, í ljósi þess að málið er veigamikið og kemur til með að hafa áhrif á öll þau sem sækja menntun, vinnu eða aðra þjónustu við Háskóla Íslands. Stúdentum er sérstaklega mikilvægt að vel sé unnið að verkefninu, með hagsmuni allra smærri hópa sem falla undir stúdenta í huga, þ.m.t. fjölskyldufólk, en á Íslandi eru um 30% stúdenta foreldrar, stúdentar sem búa langt frá háskólanum eða stúdentar sem þegar notfæra sér vistvænar samgöngur. Á undanförunum misserum hefur mæting á háskólasvæðinu dvínað, óljóst er af hverju það stafar en víst er að ekki hlýst sama upplifun af því að stunda nám með lítilli mætingu eða algjörri fjarveru. Félagstengsl eru mikilvægur þáttur af háskólamenntun þó erfitt sé að mæla vægi þess, það væri því slæmt ef ákvarðanir háskólaráðs er varða bílastæðamál hefðu í för með sér frekari fækkun á háskólasvæðinu. Það er í þessu ljósi sérstaklega mikilvægt að íhuga vel hvaða afleiðingar allar breytingar, stórar sem smáar, munu hafa í för með sér.

Tillaga framkvæmda- og tæknisviðs

Tillagan sem lögð er til felur í sér gjaldtöku á bílastæðum háskólans með undantekningu fyrir starfsfólk og stúdenta, gegn 1.500 kr. mánaðargjaldi fyrir afnot á tveimur bílastæðum, fyrir

liggur að hægt verði að skrá tvo bíla á hverja kennitölu en ekkert hefur verið fjallað um að takmörk verði á því að báðir bílarnir séu nýttir samtímis. Tillagan sem borin er upp inniheldur ekki U-passa fyrir stúdentu og ekki er fjallað um samgöngusamning við starfsfólk. Núverandi fyrirkomulag á bílastæðum við landspítalann er áþekkt þessu, en þó eru engin gjöld tekin fyrir að skrá bíla á hvítlista enn.

Áætlað er að kostnaður vegna þjónustu við gjaldtöku á bílastæðum verði um 5 m.kr. mánaðarlega ásamt öðru eins fyrir annan kostnað. Á háskólaþinginu var hins vegar kynnt að áætlaður kostnaður væri um 4 m.kr. mánaðarlega og annar kostnaður 54 m.kr., sem eru 4,5 m.kr. mánaðarlega. Í fundargögnum er ekki rökstutt hvers vegna þessir áætluðu kostnaðarliðir hafi hækkað frá því að þeir voru kynntir á þinginu. Enginn af uppgefnum kostnaðarliðum eru sérstaklega skýrir, t.d. er tekið fram að aukinn kostnaður verði vegna meiri þjónustu við almennan undanþágulista fyrir starfsfólk og nemendur, ekki er gert ráð fyrir neinni upphæð í þeim lið svo óvíst er hvort sá kostnaður falli undir áætlað verð. Ætla má að sá kostnaður sé töluverður, enda þarf starfsmann til að halda utan um listann. Einnig fylgja téðum aukalegum mánaðarlegum 5 m.kr. í “annan rekstrarkostnað” engar útskýringar.

Áætlaður heildarkostnaður á útboðinu er alls um 120 m.kr, þar bætast við 10 m.kr. fyrir uppsetningu búnaðar og innleiðingu, sem ætla má að séu einskiptis útgjöld. Áætlaðar tekjur eru um 170 m.kr. árlega. Hvers vegna lagt er til að ráðið samþykki tillögu með 50 m.kr. aukalegum tekjum er ekki rökstutt. Eðlilegt væri að kynna ráðsmeðlimum skilmerkilega reglur um nýtingu tekna sem hljótast af bílastæðagjöldum og hvaða áform eru uppi um nýtingu þessa fjármagns, áður en ákvörðun yrði tekin. Kostnaður sem nú fer í rekstur bílastæða skólans er skv. upplýsingum á háskólaþingi í janúar 54 m.kr. árlega. Á háskólaþingi var tekið fram að leið A gæti skilað tekjum sem stæðu undir öllum kostnaði við rekstur bílastæða en að leið B gæti aðeins staðið undir kostnaði af þjónustu við gjaldtöku og undanþágulista og myndi þar með ekki standa straum af téðum kostnaði við rekstur bílastæðanna. Af þessu má ætla að tilboðið sem borið verður undir háskólaráð 7. mars sé hvorki tilboð A né B sem borið var upp á Háskólaþingi.

Í fundargögnum er fjallað um að gjald fyrir skráningu á hvítlista yrði þjónustugjald. Ákvörðun um fjárhæð þjónustugjalds verður almennt að byggjast á traustum útreikningi eða skynsamlegri áætlun á þeim kostnaði sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Fulltrúar stúdentu í háskólaráði sjá ástæðu til þess að ráðið fái tryggingu þess efnis að slíkir útreikningar liggi eða muni liggja fyrir áður en gjaldtaka hefst. Þetta ákvæði felur einnig í sér að gjaldið má ekki hækka fyrirvaralaust og án útskýringa.

Samráð og ákvörðun

Á Háskólaþingi þann 17. janúar sl. var eftirfarandi bókun borin upp: „Háskólaþing beinir því til framkvæmda- og tæknisviðs að ganga frá tillögu um framtíðarskipan bílastæðamála til háskólaráðs, m.a. í ljósi framkominna ábendinga og sjónarmiða á háskólaþingi og í samráði við hagaðila.“ Á þinginu eiga allir fulltrúar háskólaráðs sæti en þar sem ljóst er að einhverjir fulltrúar sáu sér ekki fært að sitja fundinn þykir undirrituðum rétt að þessar upplýsingar verði skýrðar sérstaklega fyrir ráðinu, er þar átt við samantekt á þeim ábendingum sem fram komu á þinginu, hvaða samráð hefur átt sér stað frá háskólaþinginu og við hvaða hagaðila. Það er afstaða fulltrúa stúdenta í háskólaráði að allir ofangreindir þættir verði að vera skýrir til að ráðið geti tekið málið til afgreiðslu til að tryggja lýðræðislega meðferð mála sem liggja á borði ráðsins.

Vandamálið og lausnin

Framangreind lausn tekst ekki á við vandamálið sem skólinn stendur frammi fyrir, þ.e.a.s. of mikið af bílum, of mikil umferð, of mikil neikvæð umhverfisáhrif og of mikill kostnaður við rekstur á bílastæðum. Fólk sem þegar velur umhverfisvænar samgöngur fær enn enga umbun, þó það geti komist hjá 1.500 kr. útgjöldum mánaðarlega. Starfsfólk og stúdentar sem koma einu sinni í mánuði á bíl þurfa að borga jafn mikið og þau sem koma alla daga á bíl, sama hvort þau skrái sig á hvítlistann eða ekki¹, en ekkert hefur verið fjallað um þak á almennri gjaldskyldu, eins og fjallað var um í leið A. Það gefur því auga leið að fyrirkomulag eins og lagt er til í téðri tillögu býr beinlínis til hvata fyrir fólk til að koma á bílum, hafi það þegar keypt sér sæti á hvítlistanum. Hvað varðar pláss á bílastæðum getur verið, með þessu fyrirkomulagi, að fólk upplifi sig *eiga rétt á* bílastæði vegna þess að það hafi þegar greitt mánaðargjald til að vera undanþegið almennum bílastæðagjöldum, það gæti því skapað enn meiri gremju þegar fólk finnur ekki bílastæði. Einnig gætu gæðakröfur á bílastæði skólans aukist í kjölfar hóflegrar gjaldtöku og rekstrarkostnaður þar með aukist.

Í nýjustu sjálfbærnisráðgjafi háskólans er það talið mjög mikilvægt að *HÍ setji sér metnaðarfull markmið og tímaáætlun í samgöngumálum sem auðveldar starfsmönnum og nemendum að nota vistvæna samgöngumáta og innleiða hvata til að draga úr bílferðum.*² Það er ekki skilningur fulltrúa stúdenta að áðurnefnd tillaga uppfylli þetta. Eflaust verður hún túlkuð sem fyrsta skrefið í átt að þessu markmiði, en erfitt er að sjá hvernig sú niðurstaða fæst, vissulega býr uppsetning á búnaði til gjaldtöku til betri aðstöðu til að skapa slíkan hvata,

¹ 220 kr. í átta klukkutíma eru 1760 kr.

² https://www.hi.is/sites/default/files/amen/sjalfbaerniskyrsla_hi_2022.pdf, bls. 53.

en með notkuninni sem lögð er til er það ekki gert. Verði tillagan samþykkt óbreytt og án nokkurar staðfestingar um næstu skref telst hún fara gegn meginlínunum þróunaráætlunar og stefnu háskólans HÍ26.

Fram að þessu hefur það verið skilningur stúdenta að ekki verði hafin gjaldskylda án þess að stúdentum bjóðist einhverjar mótvægisáðgerðir. Hafa stúdentar litið svo á að undir það falli einnig vægt gjald til undanþágu. Eins og ráðsmeðlimir vita hefur Strætó boðið háskólanum samning þar sem háskólinn þyrfti að hámarki að niðurgreiða samgöngukort fyrir 79 m.kr., þ.e. ef 7000 stúdentar myndu kaupa sér passann, lágmarksupphæðin væri 33 m.kr. og þyrftu 3000 stúdentar þá að kaupa passann. Stúdentar myndu borga 30 þúsund krónur fyrir árskortid. Erfitt er að sjá hvernig það getur verið niðurstaða ráðsins að U-passinn sé of kostnaðarsöm aðgerð fyrir háskólann, að gefnum þeim forsendum að 54 m.kr. sem þegar fara í rekstur bílastæða væri hægt að spara með gjaldtöku. Fulltrúum stúdenta þætti samræmast stefnu skólans betur að verja þeim fjármunum í að niðurgreiða vistvæna samgöngumáta, enda kosta umhverfismál pening.

Virðingarfyllst,
Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir
Katrín Björk Kristjánsdóttir
Fulltrúar stúdenta í háskólaráði